

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 346

nóvember 2024



We Serve

Nóvember 2024. Blað nr. 346

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is


Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



Fjölumðæmisstjórn:



Geirbrúður Fanney Bogadóttir, fjölumðæmisstjóri. Geirbrúður er félagi í Lionsklúbbum Ása. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: gfbogadottir@gmail.com



Inga Lóa Steinarsdóttir, umðæmisstjóri í 109 A. Inga Lóa er félagi í Lionsklúbbum Freyju og er með tölvupóstfangið ingaloo75@simmet.is



Sumarliði Ásgeirsson, umðæmisstjóri 109B. Sumarliði er félagi í Lionsklúbbs Stykkishólms. Netfang Sumarliða er fimmfiskar@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2024 – 2025

Fjölumðæmisstjóri: Geirbrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Ása

Umdæmisstjóri 109A: Inga Lóa

Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Umdæmisstjóri 109B: Sumarliði

Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Ása

Vara fjölumðæmisstjóri: Anna Fr.

Blöndal, Lkl. Ylfa

Protokol- og þingstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Theodór

Francis Birgisson, Lkl. Selfoss

Umhverfisstjóri: Dagný Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrussón, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir,

Lkl. Kiddi (.is)

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (félagamál): Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

GST stjóri: (verkefni) Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Ása

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer

Tómasson, Lkl. Geysir

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell

Cýrussón, Lkl. Viðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóða-

stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

ID Alþjóðastjórnarmaður 2023-2025:

Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn

Heiðursjóður Guðrúnar

Bjartar(formaður): Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Laganevnd (form.): Eldjárn Árnason,

Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarrson,

Lkl. Fjörgyn

Rauðu fjaðrar stjóri: Baldur Ingi

Karlsson, Lkl. Hængur

Formaður Kjaransorðunefndar.

Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Sigrún

Ólafsdóttir, Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.

Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumðæmisstjóri 109A: Thelma Rós

Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Varaumðæmisstjóri 109B: Aðalsteinn

Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Einar

Hilmarrson, Lkl. Laugardæla

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2024 – 2025:

Alþjóðaforseti Fabrício Oliveira, Brazil; Fyrrverandi alþjóðaforseti Dr. Patti Hill, Canada;

Vara alþjóðaforseti, A.P. Singh, India;

Annar vara alþjóðaforseti Mark S. Lyon, United States;

Þriðji vara alþjóðaforseti Dr. Manoj

Shah, Kenya.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Balkrishna Burlakoti, Nepal;

Feng-Chi Chen, China Taiwan;

Marie T. Cuning, USA;

Marcel Daniëls, Belgium;

Luis Jesus Castillo Gamboa, Panamá;

Babu Rao Ghattamaneni, India;

Masashi Hamano, Japan;

Edwin Guy Hollander, USA;

Sung-Gil Jung, Republic of Korea;

Danyal Kubin, Türkiye;

John Allen Lawrence, USA;

Steven Middlemiss, USA;

Hans J. Neidhardt, USA;

Joanne Ogden, Canada;

Anthony Paradiso, USA;

Katsuki Shirotsaka, Japan.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Raj Kumar Agarwal, India;

Guy-Bernard Bami, France;

Dr. Karl Brewi, Austria;

Debbie Cantrell, USA;

Chris Carlone, USA;

Luis Augusto David Caro Chong, Peru;

Dato' Yeow Wah Chin, Malaysia;

Lorena Hus, Slovenia; Ea-Up Kim,

Republic of Korea;

S. Magesh, India;

Robert "Ski" Marcinkowski, USA;

Pankaj Mehta, India;

Bert Nelson, USA;

Ramesh C. Prajapati, India;

Princess Bridget Adetope Iychus,

Nigeria;

Graeme John Wilson, New Zealand;

David Wineman, USA;

Dong Zhao, China.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og

dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Forsíðumynd: Litadýrð

norðurljósanna – Sævar Þorleifsson

leiðsögumaður og ljósmyndari.

Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er anna tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er eingöngu netblað.

Bláðið er nokkuð fjölbreytt að þessu sinni og er það vel. Margt hefur á daga hreyfingarinnar á Íslandi drifið frá síðasta blaði og er fjallað um margt af því í blaðinu. Því miður vannst ekki tími til að taka viðtal við nýliða en stefnt að því að bæta úr því fyrir næsta bláð sem er desemberbláðið okkur sem oft hefur verið nefnt jólablað.

Ég ætla að ítreka að gerðar hafa verið breytingar á birtingu minningargreina í blaðinu. Dánarfregnir verða birtar og þær minningargreinar sem ég fæ sendar til mín birtar á heimasíðu undir „Minning“ - „Minningargreinar“.

Margar áhugaverðar greinar eru í þessu blaði sem ég hvet ykkur til að lesa og má nefna hér nokkrar eins og frá fjölumðæmisstjórn og Halldóri Kristjánssyni, alþjóðastjórnarmanni, Guðrúnu Björt um andlega heilsu og vellíðan svo eitthvað sé nefnt. Margar aðrar greinar eru í blaðinu, svo sem klúbbafréttir sem ég hvet ykkur til að lesa og væri af langt mál að telja þær allar upp hér.

Ég hlakka til að vinna með ykkur kærur félagar að góðum lionsmálum í vetur og vona að við eigum öll eftir að eiga gott lionsár.

Þeir sem sendu greinar í blaðið þakka ég fyrir þeirra framlag og eins öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Lionsbláðið er komið með nýtt netfang sem tekur gildi nú þegar og er lionsbladið@lions.is.

Netfang Lionsblaðsins er: lionsbladið@lions.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrussón ritstjóri

Sterkari Saman

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsmenn,
Kjarninn í öllum farsælum Lionsklúbbum er samvinna, nýsköpun og skuldbinding um að þjóna mannkyninu. Klúbbarnir okkar dafna vel þegar við hleypum ferskum hugmyndum, nýjum krafti og sterkum tilgangi í starfið. Áhrif þjónustu okkar eykst gríðarlega þegar við bjóðum einstaklingum með ólíkan bakgrunn og reynslu velkomna til liðs við okkur.

Þessi eining í fjölbreytileika er kjarni Lions. Þegar við þjónum saman höfum við mikil áhrif á fólkið sem við þjónum - og á það fólk sem þjónar með okkur. Tengslin sem við myndum með sameiginlegum tilgangi og aðgerðum eru öflug, auðga samfélög okkar og persónulegt líf okkar.

MISSION 1.5 sýnir þennan sameiginlega styrk. Það er söfnunarkall okkar til allra ljóna

um allan heim til að hjálpa til við að auka áhrif okkar. Með þessu verkefni munum við auka umfang okkar, styrkja klúbba okkar og kynna fleirum gleðina við að þjóna sem Lion.

Þetta er tækifæri okkar til að vera djörf, taka vel á móti áskorunum og setja svip sinn á hreyfinguna. Höldum áfram að byggja á grunni þjónustunnar sem hefur gert Lions International að leiðarljósi vonar fyrir svo marga. Og gerum það saman.

Til þjónustu reiðubúinn,
Fabrício Oliveira
Alþjóðaforsætir Lions



Svæðisstjórar, mikilvægt embætti í Lionshreyfingunni

Thelma Rós Kristinsdóttir,

Vara umdæmisstjóri 109 A



Sundum er sagt að svæðisstjóri sé fulltrúi grasrótarinnar í Lionshreyfingunni, þetta mikilvæga embætti er nauðsynlegt hverju svæði fyrir sig og eru svæðisstjórar rödd síns svæðis í umdæmisstjórn.

Hlutverk svæðisstjóra er að halda utan um klúbba á sínu svæði, halda þrjá svæðisfundi

yfir starfsárið og það sem er skemmtilegast við þetta embætti er að fá að heimsækja klúbba á svæðinu og kynnast starfinu þeirra, hitta lionsfélaga og stækka enn þá meira lionshjartað.

Á síðasta starfsári fékk ég þann heiður að vera svæðisstjóri á svæði 4 í umdæmi 109A. Ég var svo heppin að fá að fljóta með Ingu Lóu Steinarsdóttur sem þá var varaumdæmisstjóri í umdæminu, henni var úthlutað svæði 4 til að heimsækja og vorum við sammála um að það væri frábært fyrir okkur og eins klúbba að fá okkur saman og slá þannig tvær flugar í einu höggi.

Klúbbarnir á svæðinu tóku einstaklega vel á móti okkar og það var svo skemmtilegt að stíga út fyrir sinn eigin klúbb, hitta aðra lionsfélaga og sjá hvað það er mikið um að vera hjá klúbbunum á svæðinu, mikið að flottum verkefnum sem klúbbarnir sinna og almennt góð stemming í klúbbunum. Það var ekki annað hægt enn að fyllast af stolti og gleði yfir því að fá að vera hluti að þessari einstöku hreyfingu.

Það vantar enn þá tvo svæðisstjóra í A-umdæmi á svæði 7 og 8. Svo núna er kjörið

tækifæri fyrir lionsfélaga á þessum svæðum að stíga út fyrir sinn klúbb og sjá hvað aðrir klúbbar í kring eru að fást við, það er líka styrkur fyrir klúbbinn að eiga svæðisstjóra sem er að fara á milli klúbba, viðkomandi mun alltaf koma inn eftir starfsárið sem sterkari lionsfélagi. Svo endilega ef þú vilt slást í hópinn eða þekkir einhvern sem gæti haft áhuga verið þá í sambandi við mig á thelmaros81@gmail.com Ingu Lóu Umdæmisstjóra á netfangið.ingalao75@simnet.is eða Einar Hilmarsson annan [varaumdæmisstjóra á netfangið.einarhi@icloud.com](mailto:varaumdæmisstjóra@netfangið.einarhi@icloud.com)



Skilafrestur á efni í næsta blað er 5. desember

Áfram LION

Sumarliði Ásgeirsson,

Umdæmisstjóri 109 B



Á þessum óvissutímum þegar óljóst er hvað framtíðin ber í skauti sér varðandi mönnun embætta og fjölgun félaga er mikilvægara en nokkru sinni fyrr fyrir okkur að koma saman og styðja hvert annað. Þess vegna er ég svo þakklátur fyrir tækifærin sem ég fæ til að heimsækja lionsklúbba og deila sýn minni um bjartari framtíð.

Í framtíðarsýn minni er aðalmálið fjölgun félaga í LION. Í þeirri herferð er eitt orð sem ekki má heyrast en það er orðið „NEI“, við skulum taka það alveg út og nota það ekki. Sama má segja um setninguna „nei, þetta hefur verið reynt áður“, sem er einstaklega leiðinleg setning og stoppar framþróun og breytingar. Ef að einhver kemur með nýja hugmynd, geta komið tvö svör: já en... eða já og.

Munum að svara með „já og“ til að grípa hugmyndina á lofti og halda áfram að þróa hana. Að svara „þetta hefur verið reynt áður“ er einstaklega niðurdrepandi á meðan svarið; „já og þetta er góð hugmynd, vinnum áfram með þetta, þetta er góð hugmynd“ getur hjálpað nýjum klúbbfélaga að hefja uppbyggjandi verkefni fyrir nærsamfélagið eða hefja söfnun til að bora brunn í Sómalíu.

Undanfarna daga fylgdi ég Alþjóðaforseta Lion þar sem hann vílað ekki fyrir sér að bjóða aðalhljúrunarfræðing Píetasamtakana, forseta Íslands og bæjarstjóra Grindavíkur að gerast lionsfélagar. Við skulum á þessu starfsári gera orð alþjóðaforseta að okkar, „Make your mark“ sem útleggst á íslensku „Markaðu þín spor“, á þinn lionsklúbb. Bjóðið vinum, vinnufélögum, nágrönnum og ættingjum í lionsklúbb, líka þeim sem þið hafið boðið áður, viðkomandi sagði kannski nei en ekki „nei aldrei“ bjóddu honum aftur, og vonandi mun hann marka sín spor í Lion.



Það hefur borið á því að erfitt sé að manna stöður í klúbbunum. Ég vil skora á unga fólkið að segja já, þegar þau eru beðin um að taka að sér embætti eða verkefni. Stígðu upp til að takast á við ný verkefni því þau munu bara herða þig og þroska. Það er líka öruggt að það eru alltaf nokkrir eldri reynsluboltar á bakvið þig ef þú rekst á þröskuld. Það sem þú uppskerð er að þú gerir klúbbinn að þínum klúbb og „Setur þitt mark“ á starfið. Nýjar hugmyndir og nýir vindar er það sem okkur vantar til að taka lionsstarfið inn í 21. öldina. Því skora ég á yngra fólkið að koma inn með sínar hugmyndir.

Sem Lions höfum við langa sögu um þjónustu og hollustu við samfélög okkar. Við höfum alltaf verið til staðar til að hjálpa þeim sem þurfa á því að halda og munum halda áfram að vera til staðar. Alþjóðahjálparsjóðurinn (LCIF) hefur notið einnig notið krafta ykkar þar sem Lion eru öflugustu hjálparsamtök í heimi og nú er hægt að fráframlög til Alþjóðahjálparsjóðsins til lækkunar á skattstofni.



Sem Lions höfum við vald til að gera gæfumun. Við getum hjálpað til við að byggja upp sterkari samfélög þar sem allir hafa tækifæri til að ná árangri. Við getum hjálpað til við að skapa réttlátari og sanngjarnari heim, þar sem komið er fram við allt fólk af reisn og virðingu.

Ég tel að framtíðin sé björt fyrir lionsklúbba. Við höfum ástríðu, skuldbindingu og fjármagn til að gera raunverulegan mun í heiminum. Við skulum vinna saman að því að byggja upp betri framtíð fyrir okkur sjálf, fjölskyldur okkar og samfélög.

Hrekkjavökuball Lionsklúbbsins Eden



Þann 31. október síðastliðin hélt Lionsklúbburinn Eden í Hveragerði hrekkjavökuball fyrir börn og ungmenni í Hveragerði.

Þetta ball er okkar stærsta fjáröflun á árinu. Það eru margir í okkar nærumhverfi sem við styrkjum og má þá nefna að til dæmis gefum við öllum börnum á leikskólunum hér í bæ Blæ bangsa þegar þau hefja leikskólagöngu sína, gefum einstæðingum á Dvalarheimilinu Ás jólagjafir, styrkjum sjóðinn góða, bjóðum uppá fríar sykursýkismælingar og margt fleira.

Við viljum sérstaklega þakka Atla Viðari Þorsteinssyni plötusnúð fyrir að halda uppi stuðinu, Hveragerðisbæ fyrir lánið á íþróttahúsinu, og dásamlegu starfsfólkinu í íþróttahúsinu fyrir aðstoðina við ballið og síðast en ekki síst þökkum við félögum okkar í Lionsklúbbs Hveragerðis fyrir ómetanlega aðstoð við ballið.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Eden Hveragerði
Thelma Rós Kristinsdóttir



Lionsþing í Ólafsvík 2025

Lionsþing þessa starfsárs verður í Ólafsvík 25. til 26. apríl nk. Þingnefnd hefur hafið störf og er undirbúningur á fullu. Formaður þingnefndar er Sigrún Ólafsdóttir Lionsklúbbum Rán en það eru Lionsklúbbarinn í Ólafsvík sem sjá um þingið, Lionsklúbburinn Rán og Lionsklúbbur Ólafsvíkur. Á myndinni má sjá þingnefndina að störfum og það er ósk hennar að sem flestir mæti til þings.



Nýtt verkefni – Andleg heilsa og vellíðan

Samstarf Lions og WHO (Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar)

Guðrún Björt Yngvadóttir,

Fyrirv. Alþjóðaforseti Lions



Góð heilsa – líkamleg og andleg

Lions leggur lið, hvar sem þörfin er á. Þegar kemur að verkefnum á sviði heilbrigðismála, þá höfum við einkum sinnt líkamlegri heilsu. Nú er kynnt til sögunnar nýtt átaks-verkefni Lions, sem snýr að andlegri heilsu. Þetta átak kemur á góð tíma fyrir Lions á Íslandi, þar sem næsta Rauða fjöður snýr að andlegri heilsu en við munum í apríl 2025 afla fjár til styrktar Pieta samtökunum í forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða.



Andleg heilsa og vellíðan

Fabrizio Oliveira alþjóðaforseti kynnti í upphafi starfsársins verkefnið „Andleg heilsa og vellíðan“, sem sérstakt átak.

Hann hvetur Lionsfélaga til að finna nýjar leiðir til að bæta andlega heilsu og vellíðan í samfélagi okkar, með vitundarvakningu og að draga úr fordómum. Við getum skapað umræðu um andlega heilsu og vellíðan og ávinning af sjálfbæðisstarfi. Við getum sinnt betur okkur sjálfum og fjölskyldum okkar, lagt lið í nærsamfélaginu og á landinu öllu, til að bæta andlega heilsu.



10. október

Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn var 10. október og á Facebook-

síðu Lions International þann dag, kom fram að „rannsóknir sýna að sjálfbæðisstarf getur gagnast andlegri heilsu og vellíðan“ og birtar voru yfirlýsingar nokkurra Lionsfélaga um kosti þess að vera í Lions, m.a. „Að vera í Lions er bremsa gegn kröfum daglegs lífs“.

Við bætum okkar eigin vellíðan og andlegu heilsu, með því að vera virk í Lions; og við getum boðið fleirum í klúbbinn okkar og stuðlað að vellíðan margra.



Hvað er andleg heilsa?

Hún er skilgreind sem tilfinningaleg, sálræn og félagsleg vellíðan. Það er, hvernig við hugsum, hvernig okkur líður og hegðum okkur. Góð andleg heilsa hjálpar okkur að ákveða hvernig við höndlum streitu; tengjumst öðrum og tökum heilbrigðar ákvarðanir. Rétt eins og líkamleg heilsa okkar, er andleg heilsa mikilvæg fyrir alla, á hvaða aldri sem er.



Andlega veikindi

eða geðsjúkdómar hafa áhrif á hugsun, tilfinningar, skap og hegðun einstaklings á þann hátt að það skerðir hæfni hans til að starfa og tengjast öðrum. Léleg andleg heilsa og geðsjúkdómar eru ekki það sama. Einstaklingur getur upplifað lélega andlega heilsu, en er ekki greindur með geðsjúkdóm. Á sama hátt, getur einstaklingur sem greinist með geðsjúkdóm upplifað góða líkamlega, andlega og félagslega vellíðan.



Mannúðarverkefni

Fabrizio forseti skorar á hvert umdæmi að styðja tvö af aðalverkefnum Lions, eða tvö af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þetta nýja verkefni fellur undir Mannúðarverkefni Lions og undir markmið SP nr. 3 „Good Health and Well-Being“. Fyrsta ár verkefnisins er 2024-25 en það heldur áfram. Frekara samstarfi við WHO er undirbúið á næstu mánuðum. Janúar til mars verður áttakinu formlega hleypt af stokkunum og sérstök vefsíða opnuð. Kynningar á samfélagsmiðlum og fréttatilkynning sendar. Starfsárið 2025-2026 verður

Andleg heilsa og vellíðan tengd verkefnum í þjónustuvikunni.

Verkefni Lions og Heimsmarkmið SP = UN SDG



virkan þátt við stofnun Sameinuðu þjóðanna 1945 og frá 1947 hefur Lions átt fulltrúa hjá SP. WHO var stofnað 1948, en samstarf Lions við WHO hófst 1983 og hefur staðið í yfir 40

ár. Undirrituð hefur verið fulltrúi Lions í WHO síðan 2021. Gögnin í þessari grein eru frá WHO og LCI/LCIF.



Nokkrar staðreyndir frá WHO

Meira en 700.000 manns deyja af völdum sjálfsvíga á hverju ári á heimsvisu.

Tæplega 80% allra með geðraskanir búa í lág- og meðaltekju-löndum. Þunglyndi er helsta orsök örorku á heimsvisu og hefur áhrif á meira en 300 milljónir manna um allan heim. Aðeins 2% af fjárveitingum til heilbrigðismála fara að meðaltali til geðheilbrigðismála. Skýrsla frá WHO "Sjálfsvíg í heiminum - Global Health Estimates; 2000-2019" sýnir að 58% sjálfsvíga eru fyrir 50 ára aldur og sjálfsvíg er fjórða algengasta dánarorsök meðal 15-29 ára fólks (en þriðja algengast 2024); tvöfalt fleiri hjá körlum en konum. Markmið SP og WHO er að lækka tíðni sjálfsvíga um 1/3 fyrir árið 2030, samkvæmt SDG 2030 og aðgerðaáætlun WHO um geðheilbrigði 2013-2030.



Forvarnir gegn sjálfsvígum

Þó að tengslin milli sjálfsvíga og andlegar sjúkdóma og sjálfsvígstilrauna séu vel þekkt í hátekjulöndum, eru mörg sjálfsvíg framin stundarkrísu. Fleiri áhættuþættir sjálfsvíga eru m.a. vegna einmanaleika, eineltis, deilna, fjárhagsvanda, langvarandi sársauka og veikinda, ofbeldis, ástvina missi, misnotkun og átök og fleira. Fordómar í kringum geðræn vandamál og sjálfsvíg þýðir að margir sem hugleiða sjálfsvíg leita sér ekki hjálpar. Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir geta haft keðjuverkandi áhrif sem hafa áhrif á fjölskyldur og samfélög.

Hvað getum VIÐ gert?

Tillögur frá WHO: Draga úr fordómum og algengum ranghugmyndum. Auka aðgengi að greiningu vegna andlegra vandamála. Finna fagaðila í þínu landi sem sinna forvörnum gegn sjálfsvígum. Nota staðreyndir og tölfraði frá WHO og Alþjóðasamtökum gegn sjálfsvígum IASP.

Svo er ýmislegt sem Lions gerir núþegar sem bætir bæði andlega og líkamlega líðan, s.s. að leggja öldruðum lið; styðja starf fatlaðra; bæta lífsleikni ungmenna, m.a. að styrkja sjálfsmynd með þátttöku menningu og íþróttum. Styðja félagslegt nám m.a. gegn einelti, ofbeldi, vímuefnanotkun. Deila upplýsingum á samfélagsmiðlum.



International Association for Suicide Prevention

Hvatt er til að leita upplýsinga hjá IASP „International Association for Suicide Prevention“ um rétta fagaðila, sem sinna forvörnum gegn sjálfsvígum. Veitið þeim aðstoð t.d. með viðburðum til fræðslu og að standa fyrir fjárfloflun til að styrkja starfsemi þeirra.

Píeta samtökin á Íslandi sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja við aðstandendur.

Rauða fjöðrin á Íslandi 2025 styður Pieta á Íslandi í baráttu gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða.

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi alþjóðaforsæti og fulltrúi Lions hjá WHO - Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni



Fréttir frá Netteyminu

Sigríður Guðmundsdóttir,

Netstjóri MD 109



Agætu lionsfélagar. Netteymi Lions á Íslandi er skipað eftirtöldum:

Sigríður Guðmundsdóttir, Netstjóri MD109 – Lkl.Kiddi (.IS)

Skarphéðinn Jónsson, netfulltrúi D109A – Lkl.Víðarr, Reykjavík

Sigríður Guðrún Friðriksdóttir, netfulltrúi D109B – Lkl.Sif Eyjafjarðarsveit

Porkell Cýrusson, Ritstjóri Lionsblaðsins MD109 – Lkl.Víðarr, Reykjavík

Hvert en hlutverk teymisins? Netstjóri fjöllumdæmisins er verkefnisstjóri vefsíðumálefna hreyfingarinnar. Með honum starfa

netfulltrúar umdæmanna og ritstjóri Lionsblaðsins. Saman mynda þessir embættismenn Netteymi hreyfingarinnar. Netteymið ber ábyrgð á net- og vefsíðumálum hreyfingarinnar.

Helstu verkefni:

- Sjá til þess að fréttir af starfi hreyfingarinnar fari inn á heimasíðuna.
- Sjá um að uppfæra bær upplýsingar sem eru á heimasíðunni og bæta við nýjum.
- Sjá um að skjöl og gögn sem ætluð eru lionsfélögum séu aðgengileg á vefnum.
- Vera í samskiptum við hýsingaraðila vefsins.

Það að starfa í netteymi er fjölbreytt, fræðandi og skemmtilegt. Við höldum vefnum okkar lifandi og tökum fegin á móti öllu efni sem við fáum sent.

Stofnað hefur verið netfangið netteymi@lions.is sem gerir vonandi starfið einfaldara og aðgengilegra fyrir komandi ár þar sem netfangið mun fylgja viðtakandi teyminum ár frá ári. Markaðsfyrirtækið Allra átta heldur utan um @lions.is netföngin.

Heimasíða Lions á Íslandi, www.lions.is hefur bæði innri og ytri síðu. Á þeirri ytri er hægt að finna margt sem nýtist okkur í Lions starfinu öllu ef við kjósum svo. Þar eru fréttir, viðburðadagatal, verkefnin og Lionsblaðið aftur til ársins 2003. Upplýsingar t.d. um leigu á lionssalnum, um lionsbúðina og ekki síst FRÆDSLÁ um flest það sem viðkemur starfinu í klúbbunum. Þar er líka kort af Íslandi sem sýnir hvar klúbbar eru á landinu og upplýsingar um fundarstað og hverjir sitja í stjórn klúbbanna

ár hvert.

Á innri síðunni eru ýmis gögn sem ekki er æskilegt að hver sem er hafi aðgang að, s.s. upplýsingar um félagana, form fyrir þakkar- og gjafabréf í nafni Lions, ýmis Logo hreyfingarinnar sem og kynningarmyndirnar sem auglýsingastofan ENNEMM hefur útbúið. Lionsfélagi þarf að senda beiðni til netteymisins sem þá stofnar aðgang að innri síðunni fyrir viðkomandi.

Komið er í gagnið svokölluð Gagnageymsla en þangað inn, munu þeir sem erindi eiga, fá aðgang til að nálgast ýmis form og gögn sem nýst geta í starfinu ár frá ári, gögn sem hafa hingað til oft aðeins verið til í einkatölvum og einkaskýjum okkar félaganna.

Ekki má gleyma Facebook síðunum en þar má finna LIONS MÁL sem er lokuð síða aðeins ætluð lionsfélögum og svo LIONS á Íslandi sem er opin síða þar sem gott er að koma til skila öllu því góða starfi sem við stöndum fyrir. Til stendur að tengja opnu síðuna við Instagram og svo helst að koma okkur á sem flesta miðla.

Við í teyminu óskum eftir að fá ábendingar um hvað það sem hægt er að gera til að bæta síðurnar okkar og ekki síst að fá uppfærslur á því sem þar er nú þegar sem og fréttir og viðburði til að setja þar inn, því saman getum við gert svo miklu meira.

Fyrir hönd netteymisins
Sigríður Guðmundsdóttir
Netstjóri MD 109
netteymi@lions.is

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Fjölumðæmisstjóri MD 109

Geirprúður Fanney Bogadóttir,

Fjölumðæmisstjóri MD 109



Kæru félagar.
Nú er þriðjungur starfsársins að baki og gaman að fylgjast með fréttum af þeim fjölbreyttu og frábæru verkefnum sem Lionsklúbbar vinna að.

Það hafa líka verið fjölbreytt verkefni á borði fjölumðæmisstjóra á þessu hausti:

NSR

Fjölumðæmisstjórar á Norðurlöndunum hittast á fjarfundi mánaðarlega en dagana 20. – 22. september var haldinn staðfundur í Danmörku. Við Porkell Cýrusson, OC fulltrúi og Anna Blöndal, varafjölumðæmisstjóri, mættum fyrir Íslands hönd en sú góða hefð hefur myndast að varafjölumðæmisstjórnir sitja alla fundina til að fylgjast með og mynda tengsl. Það var mikil dagskrá og unnið hratt undir góðri fundarstjórn Egons Andersen, starfandi fjölumðæmisstjóra Danmerkur.

GAT fundur

GAT er skammstöfun fyrir Global Action Team. GLT: Leiðtoga- og fræðslumál, GMT: Félagasmál, GST: Verkefnamál, GET: Útbreiðslumál. Fjölumðæmisstjóri er formaður GAT teymis fjölumðæmisins.

Í byrjun október héldum við GAT fund í fjölumðæminu. Á fundinum óskaði ég eftir að GAT stjórnir myndu sjá um að gögn sem tilheyra þeirra teymi verði sett inn á miðlægan gagnagrunn sem netteymið okkar er búið að koma upp og ætlaður er til að halda utan um efnið okkar. Það felst mikið öryggi í því að hafa öll gögn á einum tryggum stað og það auðveldar starf þessa næsta sem tekur við embætti að geta gengið að upplýsingum á vísun stað.

Auðvitað mun taka einhvern tíma að framkvæma þetta en ég vonast til að það verði



komið að mestu leyti á útmánuðum – en síðan þarf að halda áfram að bæta við.

Europa Forum

Evrópuþing Lions 2024 var haldið í borginni Bordeaux í Frakklandi, 24.-26. október. Við Björg Bára Halldórsdóttir, ungmennaskiptastjóri, sóttum þingið fyrir hönd fjölumðæmisins. Einnig sátu þingið Guðrún Björt Yngvadóttir, fyrrverandi alþjóðaforseti, Halldór Kristjánsson, alþjóðastjórnarmaður, Sigfríð Andradóttir, fráfarandi fjölumðæmisstjóri, Anna Fr. Blöndal, vara fjölumðæmisstjóri og Porkell Cýrusson, ritstjóri en alls voru 12 manns í íslenska hópnum.

Fyrir þinginu lágu fjölmargar tillögur. Í atkvæðagreiðslu á Evrópuþingi fer fulltrúi Íslands með eitt atkvæði eins og fulltrúar hinna Evrópuþjóðanna en alls tóku fulltrúar frá 29 löndum þátt í atkvæðagreiðslunni.

Haldnir eru þrír þingfundir; Fyrsta daginn eru tillögurnar kynntar, daginn eftir eru umræður og þriðja daginn fer atkvæðagreiðslan fram.

Það er hefð fyrir því að sá sem fer með atkvæði hafi ráðgjafa. Jón Bjarni Þorsteinsson, fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður var mér við hlið og kann ég honum bestu þakki fyrir.

Á þinginu var dagskrá frá morgni til kvölds og boðið upp á mörg áhugaverð námskeið og

fyrirlestra. Þarna voru fjölmargir kynningarbásar með lionsefni og einnig básar þar sem kynntar voru vörur úr héraðinu.

Heimsókn alþjóðaforseta

Eftir stífa dagskrá á Evrópuþinginu lentum við á Keflavíkurflugvelli um miðnætti sunnudagskvöldið 27. október og með okkur í för var alþjóðaforseti Lions, Fabrício Oliveira og eiginkona hans Amariles Martin ásamt túlki.

(Nánari umfjöllun um heimsókn alþjóðaforsetahjónanna er að finna hér í blaðinu).

Mánuður sjónverndar

Október er mánuður sjónverndar og fimmtudaginn 31. október, efndi Lions í samstarfi við Blindrafélagið, til viðburðar í sal Blindrafélagsins þar sem Dr. Einar Stefánsson augnlæknir hélt einstaklega áhugavert fræðsluerindi um nýjungar í augnlækningum. Erindið bar heitið: „Augndropar í stað stungunála“.

Gleraugnasöfnunin er verkefni sem við höldum áfram með og hægt er að vinna að allt árið. Ég hvet klúbba til að hafa það í huga.

Mánuður sykursýkisvarna

Og nú er nóvember genginn í garð, mánuður sykursýkisvarna. Blóðsykursmælingarnar eru frábært tækifæri til að auglýsa starfsemi Lions.

Það er tilvalið að afhenda bæklinga með upplýsingum um klubbana, helstu verkefni, fundarstað, fundartíma og netfang eða símanúmer hjá stjórnarmönnum. Nýtum öll tækifæri til að vera sýnileg og auglýsa starfið okkar.

Fjölumdamisráðsfundur

Laugardaginn 2. nóvember var stór hópur lionsfélaga mættur á Hótel Hamar, í Borgarfirði. Um morguninn voru fundir í báðum umdamunum og eftir hádegi var 2. fundur fjölumdamisráðs haldinn. Góðar umræður voru um skýrslur embættismanna en sérstakur gestur

fundarins var Gunnhildur Ólafsdóttir, sálfræðingur hjá Píeta samtökunum. Hún hélt áhrifamikið erindi um starfsemi Píeta samtakanna og samstarfið sem Lions og Píeta eru að hefja.

Starf á skrifstofu MedicAlert

Um mánaðamótin barst okkur bréf þar sem Magnea Skjalldal, starfsmaður á skrifstofu Lions og MedicAlert segir starfi sínu lausu. Uppsögnin tekur gildi 31. janúar 2025. Það verður vandasamt verk að ráða starfsmann í hennar stað en Magnea býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á málefnum MedicAlert.

Sjá auglýsingu um starfið hér í blaðinu.

Góðir félagar.

Við þekkjum öll hve gefandi það er að vera félagi í Lions. Að leggja lið

í góðra vina hópi er mannbætandi. En fæst okkar væru í Lions nema af því að okkur var boðið á fund.

Höfum það í huga, lítum í kringum okkur og bjóðum með okkur.

Við þurfum fleiri féлага til að marka spor – við erum sterkari saman.

Ræða á fjölumdamisfundi 2. nóvember 2024

Halldór Kristjánsson,

alþjóðastjórnarmaður, 2023-2025



Stjórnarfundur var haldinn í Lions Clubs International í Natal í Brasilíu 12.-16. október síðastliðinn og síðan í framhaldi var unnið að strandhreinsun og sjónvernd í Joao Pessoa í Brasilíu. Að því loknu flaug ég til Bordeaux í Frakklandi til að sitja Evrópuþing sem lauk laugardaginn 26. október.

Þessi skýrsla er að einhverju leyti framhald af skýrslu minni til fjölumdamisstjórnar þann 31. ágúst 2024 en ég tel hér upp það helsta sem gerðist á stjórnarfundinum í Natal og snertir okkur.

Námskeið fyrir fyrrverandi umdamisstjóra

Eftir umræður á stjórnarfundi í Natal í Brasilíu var ákveðið að nálgast námskeiðið fyrir fyrrverandi umdamisstjóra með raunsærri hætti, bæta við skriflegum gögnum og veita meira frelsi um hvenær og hvernig námskeiðið

yrði haldið. Var ákveðið að námskeiðin fyrir Norðurlöndin yrðu haldin á tímanum nóvember til janúar og fer ég nú að undirbúa það/þau.

Frá alþjóðastjórn

Allar nefndirnar ellefu komu saman og ræddu ýmis mál en fátt var um breytingar þar sem mikið átak var gert í því að laga Board Policy, stytta og fjarlægja endurtekningar, á síðustu fundum okkar.

Fyrst er að nefna að í Leiðtogaþróunarnefndinni var áfram rætt um uppfærslu á RLLI námsefninu sem notað er á Leiðtogaskólanum sem við höldum hér heima. Henni miðar vel og er búið við að við fáum að sjá eitthvað efni á mars fundi stjórnarinnar, en ætlunin er að innleiða þetta námsefni á næst starfsári.

Þá var umræða um CLLI, námsefni fyrir byrjendur, sem umdæmi á Indlandi leggur fram. Var því eftir nokkra umræðu vísað til Leiðtoga deildarinnar til frekari skoðunar og mats.

Þá var farið yfir ýmiss konar tölfraði varðandi fræðslu og má þar nefna sérstaklega að frá 1. júlí til 30. september á þessu starfsári hafði 297.530 netnámskeiðum verið lokið (LLC) sem telst frábær árangur.

Alþjóðaping

Pingið í Melbourne sóttu 8.612 lionsfélagar af þeim 11.204 sem voru skráðir. Af þeim greiddu 2.913 atkvæði á þinginu og meira en 7.800 tóku þátt í skráðgöngunni.

107nda alþjóðapingið sem vera átti í Mexíkó var flutt til Orlando í Flórídaráíki í Bandaríkjunum og verður þar dagana 13. -17. júlí 2025. Ástæðurnar fyrir breytingu á þingstað voru þær að kostnaður í Mexíkó hafði aukist verulega, ekki var búið að tryggja nægt hótélrými

né var búið að ákveða og fá staðfesta þá leið sem skráðgöngan átti að fara. Var ljóst að það myndi ekki nást í tæka tíð og því ákveðið að hætta við að halda þingið í Mexíkó og flytja það til Orlando.

Allir þeir sem voru skráðir á þingið í Mexíkó fá endurgreitt, eða geta fært skráninguna yfir á þingið í Orlando. Næsta þing þar á eftir verður í Hong Kong 3. - 7. júlí 2026.

Þá var samþykkt tillaga um að Evrópsku umdamin/fjölumdamin gætu verið saman sem ein heild í skráðgöngunni, eftir stafrófsröð. Þá var líka ákveðið að norrænu löndin gætu áfram gengið saman sem ein heild.

Fjármál alþjóðahreyfingarinnar

Nokkuð var fjallað um fjármál alþjóðahreyfingarinnar en búið er að endurskoða síðasta starfsár. Það ár eru bókaðar USD 25,1 milljóna (IKR 3,5 milljarðar) tap vegna greiðslu USD 29,6 milljóna skatts (IKR 4 milljarðar) af árgjaldi sem LCI innheimti af lionsfélögum á Indlandi. Lagðir voru skattar á árgjöldin fyrir nokkrum árum en áhöld voru um hvort Lions ætti að greiða skatta aftur í tímann. Niðurstaðan var sú að það skyldi gert en án skattgreiðslunnar hefði orðið USD 4,5 milljónir (IKR 617 milljónir) í hagnað, sem er USD 6,9 milljónum (IKR 945 milljónum) betra en starfsárið á undan.

Var af þessu tilefni samþykkt að bæta inn í lög hreyfingarinnar að LCI væri heimilt að innheimta árgjöld ásamt sköttum.

Markaðsmál Lions

Veittir voru 46 markaðsstyrkir að upphæð USD 500.000 til lionsklúbba að þessu sinni. Við skoðun á árangri LCI í markaðsmálum kom í ljós að fréttir og sögur um Lions fengu alls 5,1 milljarða snertinga sem jafngildir USD 27,5

milljónum (IKR 3,8 milljarðar) og var þetta aukning um 14% frá síðasta ári.

Margir lionsfélagar nota þegar gervigreind bæði formlega og óformlega í starfi og er gervigreindarteymi LCI að athuga með hvaða hætti hún getur nýst okkur sem best.

Þjónustuverkefni Lions

Kannað var með hvaða hætti þau mörk sem sett eru við skráningu þjónustuverkfna hjá Lions hafa áhrif. Það eru að hámarki 3.000 manns sem má skrá að njóti verkefna, 1.200 vinnustundir sjálfbóðaliða og mest USD 200.000 (IKR 27,4 milljónir) sem veitt er í hvert verkefni. Virðist sem aðeins fá verkefni gjaldi fyrir þessi mörk (0,4%). Engu að síður fækkaði þeim sem nutu verkefnanna um 20% á árinu, voru 423 milljónir en LCI stefnir að því að 1 milljarður njóti verkefna Lions á hverju ári. Aðeins 64% klúbba skiluðu verkefnaskýrslum á starfsárinu.

LCIF

LCIF, alþjóðasjóður Lions, safnaði USD 70 milljónum (IKR 9,6 milljarðar) á síðasta ári sem er met. Það hefur gert sjóðnum kleift að úthluta meiru en áður til margskonar verkefna í nafni Lions og í samvinnu við klúbba um allan heim.

LCIF er okkar sjóður sem gerir okkur kleift að vinna verkefni erlendis og heima. Frá

stofnun hefur sjóðurinn úthlutað meira en 20.000 styrkjum sem samtals nema 178 milljörðum íslenskra króna, eða 1,3 milljörðum dollara.

Mission 1.5

Mikil áhersla er lögð á Mission 1.5 í starfi Lions en það snýst um að vera orðin 1,5 milljón félaga 1. júlí 2027. Á Evrópuþinginu sat ég rúmlega klukkutíma fund með alþjóðaförseta, varaforsetum og alþjóðastjórnarmönnum um málefnið. Var tilefni fundarins hvernig við alþjóðastjórnarmenn ætluðum að standa að því að vinna að markmiðum sem umdæmum voru sett. Var sá fundur fróðlegur og margar hugmyndir sem komu fram.

Mission 1.5 hefur því miður ekki borið tilætlaðan árangur enn sem komið er og hefur okkur fækkað nettó um 2.100 frá sama tíma í fyrra. Því er lögð gríðarlega orka í verkefnið á alþjóðavettvangi.

Verið er að kanna hvort Omega-Leó félagar geta talist með í heildarfjölda lionsfélaga og eru engar lagalegar hindranir á því né þarf að innheimta af þeim gjöld. Við það myndu bætast við um 200 þúsund félagar. Ekki er ljóst hvað verður gert en búast má við því að tillaga um það líti dagsins ljós á fundi alþjóðastjórnar í mars næstkomandi og að greidd verði atkvæði um það á næsta þingi.

Lion Portal

Lion Portal hefur nú verið í gangi í nokkurn tíma og enn er verið að laga og bæta við kerfið. Nú þegar eru 126.000 félagar skráðir og stöðugt bætist við. Skráð hafa verið meira en 461 þúsund verkefni og 325 þúsund stjórnendur Lions í kerfið.

Margt hefur verið gert til að bæta Lion Portal og margir nýir eiginleikar bæst við. Stefnan er sú að bæta enn frekar fræðslu um kerfið með því að...


- setja inn vídeó
- skrifa stuttar leiðbeiningar
- bæta við vefnámskeiðum og
- veita frekari aðstoð í síma

Ef þið lendið í vandræðum eða skiljið ekki eitthvað hafið þá samband við skrifstofuna hér eða í Oak Brook. Menn eru allir af vilja gerðir til að gera kerfið sem notendavænst og þægilegast.

Lokaorð

Þetta er stutt samantekt úr 110 síðum af skýrslum frá stjórnarfundunum en ég tel að mikilvægustu atriðin hafi komið fram í þessari skýrslu.

Sjónverndardagurinn á Íslandi



Fimmtudaginn 31. október s.l. stóðu Lions á Íslandi og Blindrafélagið, fyrir fræðsluerindi í húsi Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17.

Prófessor Einar Stefánsson kynnti nýjungar á sviði augnlækninga í erindi sem bar heitið: „Augndropar í stað stungunála“.

Þessi uppfinning er vægast sagt stórkostleg. Algjör bylting!

En Róm var ekki byggð á einum degi. Þrjátíu ára vísindasamstarf Einars og félaga hans, prófessors Þorsteins Loftssonar, er lykillinn að þessari snilldaruppfinningu.

Það er mikið tilhlökkunarefni fyrir þá sem eru með augnsjúkdóma að fá þessa dropa á markað.

Umhverfismál

Dagný Finnsdóttir,

umhverfisstjóri MD 109



BIRKIBANKINN KALLAR EFTIR FRÆJUM

Upplýsingar frá birkiskogur@gmail.com

Söfnun birkifræs hefur gengið ágætlega þetta haustið og víðast talsvert af vel þroskuðu fræi.

Birkifræi er auðvelt að safna á haustin og hanga birkifæ í reklum oft á trjámum fram undir jól.

Þó mikið sé af fræi á trjám um land allt finnast einstaka lundir eða svæði þar sem fræmagn á trjám er lítið og er þá ekkert annað að gera en að færa sig til og leita. Landsverkefnið Söfnum og sáum birkifræi hvetur landsmenn að safna birkifræi og stuðla þannig að útbreiðslu birkis.

Árlegt átak Lands og skógar í samvinnu við skógræktarhreyfinguna og fleiri samtök og fyrirtæki hófst formlega á degi íslenskrar náttúru 16.september síðastliðinn. Fyrsti viðburðurinn var á vegum Lionsklúbbsins Sifjar í Reykhúsaskógi Eyjafjarðarsveit í samvinnu við Skógræktarfélag Eyfirðinga og skógarbændur í Reykhúsum. Þær stóðu myndarlega að þessu og stefna að því að þetta verði árlegur viðburður klúbbsins.

Lkl. Dynkur plantaði birkitrjám í kolefnisjöfnunarreit klúbbsins í Vikrunum í Þjórsárdal í september. Lkl. Sauðárkróks sagði frá birkifræsöfnun í Skógarhlíð ofan Sauðárkróks. Lkl. Úa hafa safnað birkifræjum, en þeim reyndist erfitt að finna fræ, náðu þó að skila nokkrum kössum af sér. Höfum heyrt af Lkl. Fold í Grafarvogi sem enduðu í Borgarfirðinum að tína, þær voru búnar að kanna svæði hér á Reykjavíkursvæðinu. Fleiri klúbbar hafa örugglega safnað þó okkur í nefndinni hafi ekki borist fregnir um það, eða klúbbar ekki sett inn frásögn á síður sínar eða inn á Lions Mál.



Umsjón gróðurreitna og trjárækt

Nokkrir klúbbar eru með skógarreiti sem þeir planta trjám í ár hvert og hafa gert að aðgengilegum samverustað fyrir félag, fjölskyldur og vini. M.a. Lkl. Ásbjörn í Hafnarfirði, þeir hafa verið með gróðurreit síðan 1980 sem nefndur er FORSETA-LUNDURINN eða frá 1998. Allir alþjóðaforsetar nema einn hafa gróðursett þar tré og er skilti þar við hlið merkt nafni hvers forseta. Trjálundur Alþjóðasamtaka Lions- Guðrúnarlundur er við hliðina á reit Lkl. Ásbjarnar, ekið er vegurinn að Kaldárseli. Fleiri klúbbar eru með trjáreiti, má nefna m.a.. Lkl. Hæng á Akureyri með stórt landsvæði sem þeir planta trjám í fyrir ofan Akureyri. Lkl. Úa í Mosfellsbæ til 15 ára með Úlundur í Skammadal í Mosfellsdal. Lkl. Patreksfjarðar hafa ásamt Slysavarnardeildinni Unnur og Kvenfélaginu Sif hafa séð um að rækta og hirða Hólagarð á Patreksfirði. Það eru örugglega fleiri klúbbar með gróðurreiti í föstri sem við höfum ekki fengið fregnir af, en köllum eftir því núna.



Önnur umhverfisverkefni

Við gerðum smá könnun varðandi umhverfismál og höfðum samband við nokkra klúbba um landið. Lkl. Húsavíkur sjá um vorhreingerningar og að fegra viss svæði í þeirra nærsamfélagi. Lkl. Vestmannaeyja sjá um að byggja göngustíga og viðhald þeirra. Byggðu nýlega Lundaskoðunarhús og útsýnispall í kringum hann fyrir samfélagið. Lkl. Seyðisfjarðar hafa hreinsað fjörur til margra ára. Lkl. Akraness sjá um lýsingu kirkjugarða fyrir jólin (tel það heyra undir umhverfismál). Sumir klúbbar tala um að verkefni séum orðin þeim ofviða þar sem félagar eldast og þeim hefur fækkað. Þeir vilja gjarnan halda áfram að leggja til samfélagsins og finna léttari verkefni, einn nefndi að birkifræsöfnun væri gott verkefni sem allir gætu tekið þátt í. Ágætu félagar, gaman væri að fá í hugmyndir frá ykkur um ný verkefni sem Lions getur tekið þátt í.

Fyrir hönd umhverfismála hjá GST teyminu.
Dagný Finnsdóttir umhverfisstjóri MD 109

Heimsókn Fabricio Oliveira alþjóðaforseta Lions til Íslands

Alþjóðaforseti og eiginkona hans, Amariles Martins, komu ásamt túlki til Íslands á miðnætti sunnudaginn 27. október. Lionsfélagar tóku á móti honum í flugstöðinni og lá leiðin til Reykjavíkur á Hótel Hilton Nordica þar sem þau gistu.



Mánudagur:

Um morguninn fór alþjóðaforseti í viðtal við Morgunblaðið og eftir hádegisverð var haldið til Píeta samtakanna og þau kynntu starfsemi sína. Undirrituð var samstarfsyfirlýsing Lions og Píeta þar sem Rauðu fjaðrar söfnunin í apríl 2025 er tileinkuð áttakinu „Segðu það upphátt“. Með áttakinu verður opnað á umræðuna um sjálfsvíg og geðheilbrigði hjá ungu fólki.



Því næst farið að Bessastöðum og forseti Íslands Frú Halla Tómasdóttir sótt heim. Eins og öllum er kunnugt er forseti Íslands verndari Lions á Íslandi. Forsetarnir áttu góðar samræður um Lions og Alþjóðahjálparstöð Lions LCIF. Eins ræddu þau um þema alþjóðaforseta um geðheilsu og vellíðan.



Hefð er fyrir því að alþjóðaforsetar sem heimsækja Ísland gróðursetji tré í „Skógi alþjóðaforsetanna“ „Lions IP Forest“ en það erlundur sem Lionsklúbburinn Ásbjörn í Hafnarfirði hefur lagt rækt við. Fabricio lét sitt ekki eftir liggja og gróðursetti þar tré, gæddi sér á hákarli og harðfiski eftir á og líkaði vel.



Þá var haldið í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði þar sem Lionsklúbbur Hafnarfjarðar æfir og spilar boccia með Íþróttafélaginu Firði. Mjög skemmtilegt og gefandi starf að sögn félaga úr klúbbnum. Fabricio, sem er mikill keppnismaður, stóð sig ákaflega vel í þessari íþrótt en þetta var í fyrsta skipti sem hann tók þátt í boccialeik.



Þriðjudagur:

Farið var í heimsókn til Grindavíkur fyrir hádegi og bærinn skoðaður. Eins flestum er kunnugt þá var bærinn rýmdur 10. nóvember 2023 vegna jarðhræringa og hættu sem steðjaði að íbúum vegna þeirra.



Eftir hádegisverð var Lionsklúbburinn Freyja í Reykjanesbæ, sóttur heim. Freyjurnar voru að byrja að hnýta sælgetiskransa sem þær selja fyrir jólin, en kransarnir eru þeirra aðal fjáröflun. Alþjóðaforseti lét sitt ekki eftir liggja og hnýtti einn krans.



Heimsókn alþjóðaforseta Lions Fabricio Oliveira lauk með opnu húsi í Lionsheimilinu í Kópavogi þar sem fjöldi Lionsfélaga komu til að hitta forsetann okkar. Hér má sjá nokkrar myndir frá móttökunni.



Fleiri myndir frá móttökunni má sjá á myndsiðunni okkar annarsstaðar í blaðinu.

Þorkell Cýrusson ritstjóri

Myndir: Úlfur E. Arnalds nema myndir frá flugstöðinni en þær tók Þorkell Cý

Nóvember – myndasíða




■ Bryndís McFadden Ragnarsdóttir



■ Friðgeir Guðmundsson

■ Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma

■ Haraldur Árni Haraldsson

■ Kristín Davíðsdóttir





Alþjóðaforseti í heimsókn – Ljósmyndari: Úlfur E. Arnalds



Lionsklúbburinn Ösp á Akureyri 30 ára



Af því tilefni hittust núverandi og fyrrverandi Asparkonur og fögnuðu. Hátíðarræða flutt 11. apríl 2024 í tilefni af 30 ára afmæli Asparkvenna.

Fyrir réttum 30 árum var Lionsklúbburinn Ösp stofnaður, nánar tiltekið þann 22. apríl árið 1994. Í kvöld fögnum við!

Árinu áður en Aspirnar urðu lionsklúbbur, að forminu til, hafði lögum Lionshreyfingarinnar á alþjóðavísu verið breytt á þann hátt að „konur gætu nú átt fulla aðild að hreyfingunni!“ ...Já, það er rétt... þetta var árið 1993!

Fyrsti formaður Lionsklúbbsins Aspar var Ásta Sigvaldadóttir og stofnfélagar voru 33. Föðurklúbburinn var Lionsklúbburinn Huginn en áður höfðu Aspirnar starfað sem lionessur, **eiginkvennaklúbbur** Huginsmanna. Síðar bættust í þann hóp **eiginkonur** annarra lionsmanna á Akureyri.

Eins og flestum ykkar er kunnugt, er meginhlutverk Lions að láta gott af sér leiða, bæði í eigin samfélagi og á alþjóðavísu, enda erum við hluti af einhverjum stærstu líknarsamtökum í heimi!

Lionsklúbburinn Ösp hefur ætíð lagt aðaláherslu á að styrkja heimabyggð. Í langan tíma styrktum við aðallega fæðingardeild FSA... en það var þar sem sú sem hér talar veitti vel merktum tækjum deildarinnar eftirtekt... og tók í kjölfarið endanlega ákvörðun um að ganga til liðs við Lions. Árlega styrkjum við Velferðarsjóð Eyjafjarðarsvæðisins, sem áður hét Mæðrastreksnefnd, Krabbameinsfélag Akureyrar, Vísindaskóla barnanna við Háskólann á Akureyri, starfsemi fatlaðra á Akureyri af ýmsum toga o.fl. hér í heimabyggð eftir því sem óskir berast og fjárráð leyfa.

Styrkir þurfa þó ekki endilega að vera í formi peninga. Samfélagsleg verkefni sem gefa ekkert af sér í aðra hönd eru ekki síður mikilvæg. Okkur er til að mynda alltaf tekið fagnandi á Hjúkrunarheimilinu Lögmanshlíð þegar við heimsækjum heimilisfólk þar einn sunnudag

í mánuði og spilum með þeim bingó. Launin eru bros og hlýjar kveðjur, þakklæti!

En til þess að geta veitt fjárhagslega styrki þarf fjáraflanir. Í gegn um tíðina hafa þær verið af ýmsum toga og hafa jafnvel þróast eins og gengur.

Líklega muna einhverjar ykkar eftir plastpokunum, sem seldir voru í sláturtíðinni, þegar gengið var hús úr húsi og plastpokar boðnir til sölu! Við erum hættað því, fyrir löngu.

Við höfum tekið að okkur hreingerningar á nýbyggingum, nú gerum við eitthvað minna af því... eftir því sem árin líða og liðirnir laskast.

Síðustu árin hefur aðalfjáröflun Asparkvenna verið sala á jólastjörnum. Á þeirri fjáröflun byggjast fjárhagslegir styrkir til samfélagsins að langstærstum hluta.

Þó fjáraflanir og líknarstarf séu mikilvægir þættir í lionsstarfi er vinarþel, samkennd og gleði ekki síður mikilvægt. Út á það gengur Lions. Við í Lionsklúbbum Ösp höfum þessi gildi í huga. Við þurfum og eigum að vera duglegar að hlú hver að annarri, skemmta okkur saman og gleðjast. Öðruvísi þrífst enginn félagsskapur, ekkert samfélag. Öðruvísi erum við ekki færar um að gefa af okkur.

Að lokum, á þessum tímamótum stenst ég ekki mátið að vísa í síðareglur Lionshreyfingarinnar, þær sjöttu og níundu, sem hljóma svona:

„Gerðu vináttu að markmiði, ekki leið að marki. Sönn vináttu krefst einskis í eigin þágu og má aldrei vera háð gagnkvæmum greiða.“

„Vertu gætinn í gagnrýni og örlátur á viðurkenningu. Byggðu upp en rífu ekki niður.“

Takk fyrir og njótið kvöldsins!

Anna Sigríður Halldórsdóttir

Formaður Lionsklúbbsins Aspar á Akureyri



Richard Simmons og Lorraine frá Nýja Sjálandi í heimsókn til Eyja



Þetta byrjaði eiginlega allt á þakinu á húsinu mínu, ég hafði verið að skipta um járn á þakinu á Þingeyri, var búinn með þekjuna sunnan megin og var núna norðan megin. Sigmar Georgsson var nýbúinn að senda út beiðni að ef einhver af lionsstrákunum gæti tekið á móti hjónum frá Nýja Sjálandi þar sem hann sjálfur gæti það ekki, þurfti að fara upp á land. Þetta ágæta fólk er vinafólk Guðrúnar Bjartar Yngvarsdóttur fv. alheimsforseta Lions, ekki hafði Guðrún tíma til að fylgja fólkinu hér í Eyjum þar sem hún var að undirbúa jarðaför bróður síns.

Þannig stóð á að ég gat ekki fengi þá góðu menn sem ég hafði þegar ég var að setja á þekjuna sunnan megin þar sem þeir voru í vinnu þennan dag, að vísu ætlaði Halli í London að mæta og rétta okkur Loga G. Ingólfssyni plötunar upp. Ég þóttist vera þess viss að Halli væri ekki með þann kraft sem þyrfti til að lyfta upp plötunum einn, ég varð að redda a.m.k. einum enn. Ég hringdi í Simma og sagði honum að ég væri í vandræðum og vantaði einn mann til að rétta upp plöturnar og í staðin skyldi ég taka á móti hjónunum.

Simmi var gleðin ein og sagði eins og skot að hann skyldi glaður koma og rétta upp plöturnar, en hvenær? Ég sagði honum að það yrði á morgun þegar við Logi værum búnir að pappa þakið, ég myndi hringja þegar tíminn yrði. Ég reiknaði með að þetta myndi verða milli tólf til þrjú.

Í hádeginu hringdi Simmi og spurði hvenær hann ætti að mæta, ég hringi í þig þegar við förum að taka plöturnar upp. Einni klst. síðar hringdi hann aftur og spurði hvenær hann ætti að mæta, hann væri kominn í vinnugalla og væri kominn í skóna og líka með húfu... Eins og áður sagði ég við hann að ég myndi hringja. Stuttu seinna var kallað upp á þak "Ég er kominn". Simmi var ekkert að bíða eftir símtalinu. Vel gekk að gera það sem þurfti að gera til að setja plöturnar þakið og Simmi stóð sig mjög vel. Takk fyrir hjálpina Simmi

Það var 9. sept. sem Richard og Lorraine komu með Herjólf. Þau áttu að koma með fyrstu ferðinni um morguninn en sú ferð féll niður þar sem Herjólfur bilaði, þau komu um hálf tólf en frestuðu ferð sinni upp á land til klukkan fimm í staðin fyrir tvö.

Ég hafði verið búinn að tala við vin minn Alfreð rútukarl um að keyra þessum hjónum og segja þeim frá því sem hann er vanur að segja sínum ferðalöngum frá. Alfreð ætlaði að vera uppi á landi þennan dag en breytti áætlun sinni til að geta gert þetta fyrir okkur. Ægir Ármannsson hafði verið búinn að gefa kost á sér að taka á móti þessu ágæta fólki og við ræddum okkur saman hvernig við myndum hafa þetta.

Þar sem þessi breyting varð á siglingu Herjólf's förum við með þau

beint á Vöruhúsið þar sem við borðuðum góðan hádegismat með þeim og að sjálfsögðu Alfreð líka. Við sýndum þeim myndir héðan úr Eyjum, mikið frá gosinu 1973. Þeim þótti merkilegt að sjá þessar myndir og breytingarnar sem urðu vegna gossins. Ég lét þau líka fá blaðið Tímamót sem við gáfum út í vor vegna 50 ára afmælis Lions hér í Eyjum. Ég spurði Richard hvað það væru margir í Lions klúbbnum sem hann er í og sagði hann mér að það væru um 25 manns í klúbbnum og um 14 eða 15 virkir. Ég sagði honum að þetta væri eins í Eyjum og hjá honum. Við Ægir getum reddað okkur á okkar ensku en það var ótrúlega gott að hafa Alfreð með, sér í lagi þar sem tvennt kemur til. 1. Hann hefur gaman af því að tala. 2. Hann er góður í ensku.

Eftir matinn förum við heim til mín og náðum í kassa með lundapysju í, ég fann eina fyrir utan heimili mitt kvöldinu áður og datt í hug að gaman væri fyrir Lorraine að sleppa pysjunni. Við byrjuðum að keyra út á Eiði, þaðan að Sjóhita stöðinni, inn í Dal þar þeim var sagt frá þessari ágætu hátíð sem haldin væri þar ár hvert, gott að geta sýnt þeim myndir úr símanum mínum svo þau áttuðu sig enn betur á því sem þeim var sagt. Stoppað til að leyfa þeim að mynda fílhúsinn og næst stoppað við sleppistaðinn vestur á Hamri. Þar voru nokkrir erlendir ferðamenn sem horfðu til himins og hingað og þangað. Þegar ég kom með lundapysjuna voru augu allra á pysjunni og margir byrjuðu að mynda hana þar sem ég hélt á henni. Allt breyttist hjá þessum túrhestum þar sem ein lítil lundapysja var komin á staðinn.

Ég rétti Lorraine lundapysjuna og gerði mig klárann til að mynda hana sleppa pysjunni. Alfreð sagði henni til og fullt af erlendum ferðamönnum voru tilbúnir að mynda hana líka eins og ég ætlaði að gera sjálfur. Sleppingin var í sjálfum sér eins og allar hinar sleppingar en fyrir þetta fólk var þetta nánast eins og um heimsviðburð væri að ræða, svo spennt voru þau.

Nú var keyrt upp á Stórhöfða og í bakaleiðinni var stoppað og gengið að lundahúsinu sem lionsmenn í Vestmannaeyjum hafa byggt. Þeim fannst þetta tilkomu mikið og spurðu mikils um lundann sem allur var flogin á brott. Næst fóru þau á nýja pallinn fyrir utan. Ég myndaði þau þar sem þau voru klædd eins og þau væru að vinna í frystiklefa, reyndar sögðu þau við mig að þetta væri alveg ný reynsla fyrir þau, hiti sex til sjö gráður og nv. strekkingur, nánast náttúruhamfarir fyrir þeim. Frá Höfðanum var keyrt með flugvellinum og Haugum og þaðan austur á nýja hraunið þar sem ég myndaði þau með Eyjafjallajökul í baksýn og þaðan niður í bæ og í Eldheima. Það safn kom þeim verulega á óvart og þau voru mikið ánægð með það safn, sér í lagi tímaskífuna sem



sagði svo vel frá gosinu og hraunrennslinu í tímaröð. Eftir Eldheima skoðunina var tíminn fara að líða nokkuð hratt. Við höfðum ætlað að líta við í Arnardrangi og leyfa þeim að skoða okkar aðstöðu en létum nægja að keyra fram hjá og sýna þeim húsið okkar. Þeim fannst ath. vert að við hefðum svona góða aðstöðu og spurðu hvort við ættum húsið. Ég sagði þeim frá því sem gert hafi verið á sínum tíma og samninginn við Rauða krossinn.

Nú kom að kveðjustund þar sem Richard og Lorraine voru að fara með Herjólfu upp á land. Þau voru búin að biðja mig um að senda sér

myndir af heimsókninni ákvað ég að senda nokkrar aðrar myndir með þeim. Þau höfðu mikinn áhuga á Eyjafjallajökulsgosinu sendi ég þeim myndir frá því gosi einnig af gosinu á Fimmvörðuhálsi stuttu áður, öskufallinu hér í Eyjum og öskufokinu líka, þar sem ég sagði þeim frá því að Eyjafjallajökull hafi verið kolsvartur jökull sendi ég þannig myndir líka. Ég sendi þeim myndir af lundapysjuleit og sleppingum á pysjunum og hve börnin hafa gaman af þessu björgunarstarfi.

Nýir lionsfélagar

Lionsklúbburinn Kiddi (.is)

Alma Líf Þorsteinsdóttir

Auður Atladóttir

Emilía Ingvadóttir

Henrik Jónsson

Herdís Björnsdóttir

Illugi Finnsson


Óðinn Björgvinsson

Sindri Jónsson

Zuzanna Korpak

Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Verkefnið „Karlar í skúrum, Vestmannaeyjum“



Góð heilsa og vellíðan - grundvallarmannréttindi

Karlar í skúrum er samfélagslegt úrræði þar sem karlmenn hittast með það að leiðarljósi að auka lífsgæði sín gegnum handverk, tómstundir og ekki síst samveru. Áhersla er lögð á andlega, líkamlega og félagslega heilsu með verkefninu. Hugmyndafræðin að baki verkefninu er að nokkru leyti byggð á rannsóknum sem hafa sýnt fram á að karlmennum þyki betra að vera í samskiptum á meðan að þeir hafa eitthvað að vinna með í höndunum.

Virk starfsendurhæfingarsjóður kom með 500 þúsund króna styrk í verkefnið og er styrkurinn veittur til að koma að uppbyggingu á úrræðinu Karlar í skúrum Vestmannaeyjum. Markhópurinn eru allir karlmenn eldri en 18 ára sem standa utan vinnumarkaðsins, geta ekki unnið af einhverjum ástæðum, vilja búa sig undir starfslok eða þeir sem hafa náð ellilífeyrisaldri en geta og vilja ennþá leggja sitt af mörkum.

Hjónin Þórður Rafn Sigurðsson og Inga Eymundsdóttir færðu verkefninu peningastyrk upp á kr. 500 þúsund krónur. Marinó Sigursteinsson gaf fjölda vinnustunda og efni í verkefnið, einnig Hjálmar Brynjúlfsson rafverktaki og Davíð málari. Borgþór Yngvason trésmiður færði okkur fjölda trésmíðaverkfæri, hefilbekk og vélar af ýmsu tagi skömmu fyrir andlát sitt. Fjöldi fyrirtækja, félagasamtök og einstaklingar hafa styrkt verkefnið með fjárframlögum, trésmíðavélum, efni og handverkfærum

Karlar í skúrum Vestmannaeyjum

Föstudaginn 18. Október var verkefnið Karlar í skúrum formlega opnað að viðstöddum yfir 80 manns, sem er virkilega góð mæting og virkilega vel heppnað hjá Lionsklúbbi Vestmannaeyja sem hefur farið fyrir verkefninu.

Sævar Þórsson formaður Lionsklúbbs Vestmannaeyja stjórnaði

athöfninni af miklum myndarskap. Ingimar H. Georgsson verkefnastjóri klúbbsins ávarpaði gesti og fór yfir ferli verkefnisins í stórum dráttum og þakkaði fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum fyrir fjárframlög, efni, verkfæri og tækjabúnað af ýmsu tagi í þetta stóra verkefni. Vestmanneyjabær útvegaði húsnæðið, sem er staðsett í kjallaranum undir Dvalarheimilinu Hraunbúðum og sáu lionsmenn um að innrétta húsnæðið og fóru yfir 400 vinnustundir í verkefnið.

Síðan afhenti Ingimar bæjarstjóranum okkar Írisi Róbertsdóttur formlega aðstöðuna til afnota fyrir karlmenn í Vestmannaeyjum, sem koma til með að reka og stýra verkefninu um komandi framtíð í eigin nafni og óskaði Eyjamönnum til hamingju með daginn.

Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri þakkaði lionsmönnum fyrir framtakið og óskaði körlum á öllum aldri til hamingju með aðstöðuna.

Gestir frá félagi trérennismiða á Íslandi, körlum í skúrum frá Hafnarfirði og Mosfellsbæ fluttu kveðjur frá sínum félögum og sögðu frá starfsemi þeirra og þátttöku karla í tómstundum, handverki og helsta hlutverki starfseminnar.

Málefni aldraðra í fyrirrúmi

Til gamans má geta þess að Lionsklúbbur Vestmannaeyja sem nú fagnar hálfri aldar starfsafmæli nú í ár afhenti peningastyrki til þriggja félagasamtaka, sem vinna að málefnum aldraðra í Vestmannaeyjum alls kr. 300 þúsund fyrir hvert félag til eflingar starfsemi þeirra. Þetta voru Hollvínasamtök Hraunbúða, Bjargið dagdvöl á Hraunbúðum og Félag eldri borgara í Vestmannaeyjum. Fulltrúar félagasamtakana þriggja fóru í pontu og þökkðu fyrir styrkveitinguna og óskuðu verkefninu farsældar og hvöttu karlmenn til að mæta í skúrinu.

Á eftir var boðið upp á veitingar og gestum síðan boðið að skoða aðstöðuna í kjallaranum (skúrnum).



Í kjallaranum höfðu nokkrir trélistamenn í Vestmannaeyjum sett upp sýningu á munum sem þeir hafa unnið í frístundum sínum og eru stórkostleg listaverk. Þetta voru handverkslistamennirnir Sigurður Óskarsson frá Hvassafelli, Kristmann Kristmannsson múrari og Friðgeir Þorgeirsson trésmiður. Í föndurherberginu höfðu gestirnir frá Hafnarfirði sett um glæsilega muni frá félögum sínum.

Námskeið og vinnuaðstaða

Á laugardeginum 19. Október var boðið upp á þrjú námskeið í kjallaranum frá kl. 10,00 til kl. 15.00 og mættu 18 manns á námskeiðið.

Örn Ragnarsson formaður félags trérennismiða á Íslandi og félagi í handverks-hópnum Snúið og Skorið í Hafnarfirði var með námskeið í rennismiði og í lok námskeiðisins fór hann yfir umhirðu rennijárna og brýningu þeirra.

Ólafur Guðmundsson frá Karlar í Skúrum Hafnarfirði leiðbeindi mönnum um tálgun og sýndi réttu handbrögðin.

Páll Steindórsson frá Mosfellsbæ kynnti útskurð og sýndi lista vel gerða muni frá félaginu þar í bæ.

Sigurjón Elíasson og Jóhann Gunnarsson frá Körlum í Skúrum í Hafnarfirði voru óþreytandi að fræða menn og upplýsa um starfsemina í þeirra félagi.

Öll aðstaðan í kjallaranum er til fyrirmyndar og mjög vel tækjum og verkfærum búin. Rúmgóð kaffistofa er í húsnaðinu, salerni, föndurherbergi, vélasalur og smíðastofa.

Meðal annars eru fimm rennibekkir, þrír hefillbekkir, þykktarhefill, borðsög, bandsög, sogkerfi, fræsari og ótal handverkfæri. Þannig að allir ættu að geta fengið aðstöðu fyrir sín áhugamál og spjallað saman meðan þeir sinna handverki. Eftir áramót mun Örn Ragnarsson koma aftur til Eyja með tveggja daga námskeið í rennismiði og síðan hefur Bjarni Þór Kristjánsson trélistamaður boðað komu sína eftir áramót með námskeið í tálgun og útskurði, ef næg þátttaka verður.

Aðstaðan í kjallara Hraunbúða verður í fyrstu opin alla þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 09,00 og fram yfir hádegi og þeir sem ætla að nota sér aðstöðuna á öðrum tíma eða öðrum dögum munu fá afhentan lykíl að húsnaðinu og geta þá verið eftir hádegi eða bara á hvaða tíma sem þeim hentar.

Munu notendur stofna félag fyrir starfsemina og reka í sínu nafni og hafa aðstöðuna svo lengi sem starfsemin vill vera í húsnaðinu.

Sigmar Georgsson

Styrktaraðilar og velunnarar verkefnisins ásamt félögum í Lionsklúbbi Vestmannaeyja:

Dórður Rafn Sigurðsson og
Inga Eymundsdóttir
Miðstöðin ehf
VIRK starfsendurhæfingarsjóður
Rauði krossinn í Vestmannaeyjum
Vestmannaeyjabær
Reb.stúkan nr. 3 Vilborg IOOF
Svanhildur og Borgþór Yngvason
Sigurjón Sigurjónsson
Skipstjóra- og
stýrimannafélagið Verðandi
Sigurjón Óskarsson
Sion ehf
Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum
Ísfélag
Vestmannaeyja
Marínó Sigursteinsson

Faxi ehf
Guðmundur Alfreðsson
Pétur Árnmarsson
Drífandi stéttarfélag
Bílaverkst. Braginn sf
Bára Marnúsdóttir
Húsasmiðjan ehf
Geirfuglasker ehf
Valdimar Guðmundsson
Hellugerð Agnars ehf
Hampiðjan Ísland
Eyjablíkk ehf
Lögmansstofa
Garðar Björgvinsson

Hjálmar Brynjúlfsson rafverktaki
Frár ehf
Davíð málari ehf.
Laxey
Þórður Svansson
Bylgja Ve 75 ehf
Steini og Olli bygg.verkt. ehf
Stefán Friðriksson
Bílaverkstæði Harðar og Matta
Karlar í skúrum Hafnarfirði
Örn Ragnarsson
Jötunn sjómannafélag
Narfí ehf
N1
Arnar Andersen
Mars ehf

Eðvald Sigurðsson
Kristmann Karlsson
Sigrún Alda Ómarsdóttir
Hótel Vestmannaeyjar
Prentsmiðjan Eyrún
Tvísturinn ehf
Steini pípari ehf
Þekkingasetur Vestmannaeyja
Pétó ehf
Guðjón Jónsson, Látrum
Edda Angantýsdóttir
Einar Örn Valsson
Kristmann Kristmannsson
Pröstur Jóhannsson
Höddi á Hooli
Eygerður Anna Jónasdóttir

Margt nýtt í Evrópu

Guðrún Björt Yngvadóttir,

Fyrirv. Alþjóðaforseti Lions



Evrópuþing Lions

Europa Forum (EF) er haldið árlega í lok október í mismunandi löndum Evrópu. Þar hittast Lionsleiðtogar Evrópu til að fræðast og eflast, hitta aðra Lionsfélaga, styrkja tengslanetið og taka ákvarðanir. Alþjóðaforseti, fyrsti varaforseti og formaður Alþjóðahjálparsjóðsins mæta. Þar að auki koma Lionsfélagar frá 30-40 öðrum löndum. Þátttaka er um og yfir eitt þúsund félagar, en allir félagar og makar eru velkomnir.



Stefnumótun

Nefnd um Langtíma-stefnumótun Lions í Evrópu „Long Range Planning Committee Europe“ (LRPCE), er æðsta stjórnunareining Lions í Evrópu. Formaður nefndarinnar er síðast evrópski alþjóðaforsetinn, sem ég hef verið síðan 2019. Í nefndinni eru 3 alþjóðastjórnarmenn á seinna ári og 3 fráfarandi alþjóðastjórnarmenn, ásamt þingforseta og dagskrárstjóra næstu tveggja EF. LRPCE ásamt sérstökum þingnefndum bera ábyrgð á framkvæmd EF. LRPCE hefur m.a. það hlutverk að styrkja Lionsstarfið í Evrópu, að auka fagleg gæði leiðtoga, félaga og verkefna. LRPCE stofnar gjarnan þverfaglega vinnuhópa til að vinna úr hugmyndum og undirbúa framkvæmd.



Evrópuráð Lions

Lions European Council (EC) er skipuð einum fulltrúa frá hverju landi, sem greiðir atkvæði fyrir hönd síns lands. Fjölmudæmisstjóri er fulltrúi hvers MD, en umdæmisstjórar eða æðsti leiðtogi annarra landa. Á fundum EC fær hver

fulltrúi að hafa með sér einn ráðgjafa, sem oftast er fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður, sem jafnan hefur betri innsýn í málin, enda mætt á mörg EF. Á EF 2024 fór Geirþrúður Bogadóttir með atkvæði Íslands, en hennar ráðgjafi var Jón Bjarni Þorsteinsson.



16 tillögur á EF 2024

LRPCE leggur fram margar tillögur ár hvert og yfirfer tillögur sem aðildarlöndin senda inn. Tillögur nr. 1-5 og nr. 15 komu frá LRPCE. Nr. 6-8 og 16 komu frá aðildarlöndum, en nr. 9-14 frá þinghöldurum á EF 2023.



1. Handbók Evrópu Forum

Samþykktar voru breytingar á EF-handbókinni. Frá því að nýja EF-handbókin tók gildi (á EF 2023) hafa ákveðnar breytingar og viðbætur orðið nauðsynlegar. Handbókin er „lifandi skjal“ sem tekur breytingum eftir aðstæðum og er uppfærð árlega. Þessi handbók er fyrst og fremst leiðbeiningar vegna samstarfs Lions í Evrópu. Þar er líka að finna ályktanir og vinnureglur sem samþykktar hafa verið á EF. Þar má einnig finna sögu EF og ýmsan fróðleik. Sjá nánar á <https://www.lions-europe.eu/>



2. Leiðtogaskóli Evrópu

Leiðtogabjálfun er mikilvæg til að þróa og efla Lionsstarfið. Sem nýtt skref í þessa átt leggur LRPCE til að hefja undirbúning að stofnun „Lions Academy Europe“ (LAE) undir leiðsögn og eftirliti LRPCE; tillagan samþykkt. LAE er viðbót við leiðtogaskóla Lions International (Leadership Institutes) og skal fylgja þeirri sömu stefnu. LAE skal skila skýrslu um skólans árlega á EF. Skólinn er sjálfsfjármagnaður, þ.e. án fjárhagslegrar byrði fyrir Lions-löndin í Evrópu.



3. Merki Evrópu Lions

Samþykkt voru merki (lógó) fyrir EF til að nota á þingunum og á gögn sem tengjast Lions í Evrópu. Hugmyndir að merki urðu til þegar ekki var hægt að halda EF vegna COVID og er þetta merki hannað í sama stíl. Um er að ræða tvær útgáfu, önnur með bláum bakgrunni til að nota á hvítan flöt, hitt er með hvítum bakgrunni eða gegnsætt til að nota á litaðan flöt.



4. Samkeppni fyrir ungt tónlistarfólk

Samþykktar voru nýjar/endurskoðaðar starfsreglur og leiðbeiningar fyrir „Lions European Music Competition – Tomas Kuti“ (LEMC) og skulu þær skráðar í EF Handbókina. Tónlistarverðlaun eru veitt árlega á EF til að hvetja hæfileikaríkt ungt tónlistarfólk. Hvert Evrópu-land getur tilnefnt einn þátttakanda, yngri en 24 ára. LEMC fylgir markmiðum Lions, stuðlar að bræðralagi og góðum samskiptum meðal ungs fólks.



5. Leiðtogar framtíðarinnar - fulltrúar ungmenna

Samþykktar voru nýjar/endurskoðaðar starfsreglur og leiðbeiningar fyrir Bert Mason Young Ambassador Award (BMYAA) og skulu þær skráðar í EF Handbókina. Keppnin er fyrir ungt fólk á aldrinum 15-18 ára, sem sinna góðgerðamálum og eru góðir fulltrúar ungmenna og málsvavar sjálfböðastarfa. Markmið með keppninni er að hvetja og styðja ungt fólk sem tekur virkan þátt í samfélagsverkefnum í sínu samfélagi, á landsvísi eða heimsvísu.



6. Aðgengi fyrir alla

Samþykkt var tillaga frá MD112 Belgíu, að bætt yrði við kröfur til þinghaldara EF, að þeir tryggðu að þingstaðir yrðu aðgengilegir öllum, líka fyrir hjólastóla. Lagt var til að þessu atriði yrði bætt við sem krafa í EF Handbókina.



7. Umsókn Lions í Moldóvu

Umsókn Lions í Moldóvu að gerast aðildarland EF, var samþykkt eftir nokkrar umræður. Moldóva er „bráðbirgða svæði“ með 7 klúbba og 130 félaga. Vankantar voru á umsókninni og gefst þeim tækifæri til næsta EF að koma málunum í lag.



8. Lífsgæði - Lífsleikni

Samþykkt var tillaga MD108 Ítalíu um að stofna starfshóp um Lífsgæði/ Lífsleikni Lions í Evrópu. Verkefnið byggir á tveimur hornsteinum Lions, siðfræði og frelsi. Verkefnið er ætlað ungu fólk á aldrinum 18 til 35 ára; til að ungt fólk skilji hagnýtu hliðar siðfræðinnar og hegði sér í samræmi við það. Ítarlegar upplýsingar um verkefnið eru á vefsíðu EF 2025: <https://>

lionseuropaforum2024.fr/wp-content/uploads/2024/07/8-MD108-Motion-to-EF-2024.pdf

9-14. EF 2023 Klagenfurt

Samþykktar voru skýrslur, fundargerðir og fjármálauppgjör frá síðasta EF 2023 í Klagenfurt.



15. Tony Benbow

Samþykkt var tillaga um að EF styddi ákvörðun Alþjóðaforseta, framkvæmdastjórnar Lions og alþjóðastjórnar, sem samþykktu

einróma að styðja framboð PID Tony Benbow, frá Ástralíu, til embættis þriðja varaforseta Lions á alþjóðþinginu í Orlando 2025.



16. Friðarmenning

Samþykkt var tillaga MD108 Ítalíu um að stofna vinnuhóp/ nefnd, undir eftirliti LRPCE, sem undirbýr verkefni sem snýr að friðarfræðslu og friðarmenningu í Evrópu. Hvatt er til að efla gagnkvæman skilning og sameiginlegt átak til að stuðla að friði og skilningi meðal þjóða heims. Nefndinni skal stýrt af Lionsleiðtoga

frá MD108, en aðrir í nefndinni verða frá mörgum Evrópulöndum. Nefndin skal leggja fram tillögu um verklagsreglur sínar, til samþykktar LRPCE fyrir 31. desember 2024. Nefndin skal gera grein fyrir starfsemi sinni á hverjum EF.

Guðrún Björt Yngvadóttir
Fyrirverandi alþjóðaforseti og formaður LRPCE.

Lions á Íslandi auglýsir starf á skrifstofu MedicAlert

Starfshlutfall er 50%. Um er að ræða dagvinnustarf, virka daga, sem felur í sér mikil samskipti og fjölbreytt verkefni.

Starfsmaður þarf að búa yfir frumkvæði og geta unnið sjálfstætt.

MedicAlert sinnir fjölbreyttum hópi fólks sem bera MedicAlert merki.

Nánari upplýsingar má finna á alfred.is



Dánarfregnir



Minningargreinar um látna félaga eru birtar á heimasíðu Lions (lions.is) undir flípanum „Minningar“ - „Minningargreinar“. Hér er slóðin: <https://www.lions.is/is/minningarkort/minningargreinar>

Látnir félagar:

Vilhjálmur Pálsson
Lionsklúbb Húsavíkur

Ása Fanney Þorgeirsdóttir
Lionsklúbbum Engey

Katrín Árnadóttir
Lionsklúbbum Engey

Magnús B. Einarson
Lionsklúbbi Mosfellsbæjar



Fréttir frá Lionsklúbbnum Úu Mofellsbæ



Alltaf er jafnskemmtilegt að hefja nýtt starfsár. Hjá okkur er fundur einu sinni í mánuði og reynt að fá fyrirlesara til að gera fundina skemmtilega. Á október fundinum kom Steinunn Benediktsdóttir og sagði okkur frá ferð sinni til Perú í máli og myndum. Skemmtileg upplifun þar sem þau gengu Inkastíginn, komu á miðbauginn í Ekvador og sigldu til Galapagos.

Á fundi í nóvember kom Heimir Tryggvason frá Ásgarði og sagði frá starfsemi þeirra. En þar fer fram ótrúlega flott starf með fjöl fötluðum einstaklingum.

Í ágúst fóru nokkrir félagar í útilega að Apavatni með Lionsklúbbi Mosfellsbæjar en það er árlegur viðburður hjá þeim og síðustu ár hefur okkar klúbbur fengið að fljóta með.


Í lok september var haldið í Hrunamannahreppinn þar sem einn félagi okkar, Sigríður Skúladóttir er með aðstöðu á sínum æskulóðum í Miðfellshverfinu. Þar var vel tekið á móti hópnum, grillaðar pylsur og

síðan var farin skoðunarferð um nágrennið meðal annars í Hrunalaug og Álfaskeið. Góður dagur þar.

Félagar tóku þátt í birkifræsöfnuninni þó ekki hafi verið mikið um birkifræ á okkar slóðum. En eitthvað safnaðist og margt smátt gerir eitt stórt.

Senn fer að líða að jólum en klúbburinn hefur síðustu árin haft sem fjáröflun sölu á vistvænum leiðisgreinum. Þar er eingöngu notast við endurvinnanlegt efni. Farið í skógin eftir greinum og kíkt í eigin garða eftir einhverju sem nothæft er. Einnig höfum við tekið þátt í jólamarkaði sem haldinn er í byrjun desember í Hlégarði. Þar verða seldar leiðisgreinarnar og ýmislegt tengt jólum.

Með kveðju frá fréttanefnd Úanna



Fréttir af Lionsklúbbnum Eir



Nýliðar frá vinstri: Guðmunda Inga Gunnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Herdís Þorgrímsdóttir, Jónína Ólöf Emilsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir



Stjórn Lkl. Eir frá vinstri: Herdís Þorgrímsdóttir, ritari, Helga Lára Guðmundsdóttir formaður, Þóra B. Guðmundsdóttir, gjaldkeri

Lionsklúbburinn Eir er að rísa aftur upp eftir þó nokkurn dvala. Þar sem Lionsklúbburinn Eir er elsti kvennaklúbburinn á Íslandi, 40 ára í ár þá var það okkur mjög mikið í mun að reisa klúbbinn upp að nýju, sem nú hefur tekist. Teknar voru 5 nýjar konur í klúbbinn á fundi þann 14. október. Þrjár konur til viðbótar verða teknar inn á næsta fundi, þann 4. nóvember.

Vetrarstarfið er því farið af stað þó seint sé. Birkifræsöfnun verður á dagskrá haustsins sem og blóðsykursmæling.

En betur má ef duga skal og munum við halda áfram að reyna að fá til liðs við okkur nýja félag.

Mikilvægi Alþjóða hjálparsjóðs Lions

Sælir ágætu lionsfélagar.

Nú erum við komin áleiðis inn í nýtt starfsár með nýjum markmiðum.

Núverandi Alþjóðaforseti Lions Fabricio Oliveira og kona hans Amarillis heimsóttu Ísland dagana 27. – 30. október. Einkunnarorð hans eru „Make your mark“ sem má þýða á ýmsa vegu t.d. láttu til þín taka eða markaðu spor – meiningin er að hvert og eitt okkar getur markað sín spor í samfélaginu. Dýpstu sporin og þau mikilvægustu mörkum við með því að leggja öðrum lið. Það gerum við í gegnum Alþjóða hjálparsjóð Lions.

Evrópuþing Lions var haldið í Frakklandi dagana 23. Til 27. október og Alþjóða hjálpar sjóður Lions var að sjálfsögðu á dagskrá þar í mörgum dagskrárliðum. Enda er starfsemi sjóðsins og aðkoma hans að fjölbreyttu hjálparstarfi um allan heim það mikilvægasta sem við lionsfélagar tökum þátt í. Þar var m.a. gerð grein fyrir verkefninu „Vetur í Úkraínu – 2. hluti“ sem þið, íslenskir lionsfélagar, tókuð myndarlega þátt í gegnum klúbbana ykkar og mörg með einstaklings framlögum. Verkefnið vakti mikla athygli á þinginu og Finnarnir kynntu til sögunnar „nýtt“ verkefni af sama toga sem verður tekið fyrir af stjórn Alþjóðahjálparsjóðsins og ef til vill samþykkt sem LCIF verkefni á þessu starfsári. Það er að minnsta kosti alveg ljóst að þörfinni fyrir aðstoð af þessu tagi í Úkraínu er hvergi nærri fullnægt.

Þrátt fyrir góðan árangur er það von okkar að fleiri klúbbar séu þátttakendur með framlögum til Hjálparsjóðsins. Samanlögð þátttaka fjölumdamisins var einungis 70% klúbba og markmiðið okkar hlýtur að vera að allir klúbbar taki þátt í þessu mikilvæga starfi Lions-hreyfingarinnar – 100% þátttaka klúbba er eitt af markmiðum starfsársins. Því markmiði geta klúbbar náð t.d. með því að kaupa forseta

pinna fyrir alla klúbbfélaga og fá viðurkenningar merki sem 100% stuðningsklúbbur LCIF á fánann sinn. Nýr LCIF pinni er gefin út árlega í nafni forseta og merktir honum, pinnarnir hafa því söfnunargildi. Verð pinnanna er: brons 50\$, silfur 100\$ og gull 200\$. Við tökum fúslega við pöntunum og útvegum pinnana.

Á Evrópuþinginu var einnig farið yfir kjarnaverkefni hjálparsjóðsins og breyttar styrkjareglur – þar á meðal hækkun á hámarkstyrkjum til tiltekinnar verkefna. Þó við hér á Íslandi séum vel sett miðað við mörg önnur lönd erum við hvött til að sækja um styrki til verkefna sem koma til góða fyrir samfélagið okkar. Samanlögð framlög umdamis innan starfsársins eru styrkhæf á næsta Lions ári.

Eins og undanfarin ár mun teymið leggja áherslu á fræðslu um sjóðinn, með greinaskrifum, bréfum til klúbba og félaga og þátttöku í fundum bæði hjá klúbbum og svæðum ef þess er óskað. Við höldum áfram að hvetja klúbba til að veita Melvin Jones viðurkenningar. Veita upplýsingar um inneignir klúbba hjá LCIF auk þess sem bæði umdamis okkar eiga rétt á samfélagsstyrk.

Við lofum öflugu starfi í vetur. Við viljum styðja við klúbbana bæði með því að miðla upplýsingum, fréttum og fjármunum til þarfra verkefna. Einnig ef klúbbar hafa góð verkefni og vantar herslumun upp á að láta þau verða að veruleika þá eigum við ýmsa möguleika í gegn um styrkjakerfi LCIF.

Með lionskveðju
Anna Fr. Blöndal
Björn Guðmundsson
Geirprúður F. Bogadóttir

Lionsklúbburinn Fjölur – fréttir úr starfinu

Fjórir félagar úr Lionsklúbbnum Fjölni fóru í heimsókn til Krísvíkur og ein af myndunum er frá þeirri heimsókn en þar eru frá vinstri talið: Ómar Scheving, Hjörtur Hr. Hjartarson, Emil Ingólfsson og Pétur Þormar.

Telma Rós Kristinsdóttir, vara umdæmisstjóri heimsótti klúbbinn og var það fyrsta heimsókn hennar í þessu embætti. Félagar í klúbbnum voru ánægðir með nýja vara umdæmisstjórnann og höfðu mikla ánægju af heimsókn hennar. Ein af myndunum sýnir þegar hún og Ómar Scheving formaður skiptast á fánum.

Fjölismenn mættu á móttöku alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar, Fabricio Oliveira frá Brasilíu og nældi hann merkjum í þá Kristján Agnar Ómasson og Pétur Þormar en þeir gengu í klúbbinn fyrir stuttu.

Baldvin G. Heimisson



Frá Lionsklúbbnum Hörpu í Stykkishólmi

Á síðasta fundi Lionsklúbbsins Hörpu var ákveðið að gefa Skógræktarfélagi Stykkishólms 8 bekkir sem staðsettir verða við göngustíga í skógræktinni við Grensás sem í daglegu tali á meðal Hólmara er kallað Nýrækt. Mikil uppbygging hefur verið undanfarnir ár á gönguleiðum um svæðið að frumkvæði Skógræktarfélagsins í samstarfi við sveitarfélagið. Leiðir eru fjölbreyttar í skjólgóðu og grónu umhverfi en einnig með frábæru útsýni jafnt yfir fjallgarðinn, bæinn, eyjarnar og sveitina allt um kring. Síðast liðið sumar bættist ríflega hálfur kílómetri við göngustígakerfið og munu bekkirnir auka útivistarmöguleika og fjölbreytni notkunar á svæðinu sem er vinsælt meðal allra aldurshópa. Má þar nefna að bæði leik- og grunnskóli nýta svæðið við útikennslu flest alla daga, auk þess sem skátar halda þar fundi. Svæðið er einnig vinsælt fyrir barnaafmæli og til ýmiskonar samverustunda og viðburða. Það má alltaf finna skjól fyrir öllum veðrum í skóginum.

Hörpu konum var bæði ljúft og skylt að verða við bón Skógræktarfélagsins um kaup á bekkjum. Undanfarnir ár hefur félagið stutt duglega við eina af föstu fjárförum klúbbsins, skreytingu og sölu á leiðisgreinum í desember.



Frá upphafi hafa greinarnar komið frá svæði félagsins við Grensás og formaður þess Björn Ásgeir ekki talið eftir sér að aðstoða Hörpu konur við að saga og klippa niður heppilegar greinar til að nýta í verkefnið. Það var því með gleði í hjarta sem stjórn Hörpu skundaði í skógin og hitti þar fyrir stjórnarfélagi í Skógræktarfélagi Stykkishólms til að afhenda gjöfina.

Á meðfylgjandi mynd sem Sumarliði Ásgeirsson tók við þetta tækifæri er stjórn Lkl. Hörpu, Guðrún Harpa Gunnarsdóttir, Erna Guðmundsdóttir, Nadine E Walter og Þórný



Alda Baldursdóttir í efri röð og sitjandi á bekknum félagar úr stjórn Skógræktarfélagsins, Árni Ásgeirsson, Magnús Ingi Bæringsson og Berglind Lilja Þorbergsdóttir.

Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Lkl. Hörpu



Lionsklúbburinn Rán

Lionskonur í Ráninni í Ólafsvík hófu starfsárið, eins og svo oft áður, á óvissuferð sem ætlað var að hrista saman hópinn fyrir starf vetrarins. Farið var um Útnesið okkar fagra, Saxhóll, Malarrið, Arnarstapi og Búðir. Og auðvitað var keppnisskapið með í för, skipt var í lið og fengu liðin ýmsar þrautir til þess að leysa á hverjum stað. Alltaf gaman saman hjá Ráninni. Við enduðum svo daginn á Hótel Búðum þar sem við höldum fyrsta fund vetrarins áður en við snæddum dýrindis kvöldverð og gístum þar eftir annasaman og skemmtilegan dag.

Október fundurinn okkar var að vanda bleikur fundur. Alla jafna höfum við lionskonur á Snæfellsnesi fundað saman í október en nú hefur verið ákveðið að hafa þannig sameiginlega fundi í október annað hvert ár og féll hann því niður í ár.

Við munum halda Lionsþingið í apríl 2025, ásamt Lionsklúbbi

Ólafsvíkur og er allt komið á fullt í undirbúningi. Við þússuðum í vor, rykið af nefndarmöppum og skipulagi frá því við höldum síðast þing. Allar nefndir eru byrjaðar undirbúningsvinnu og er mikil eftirvænting í loftinu, við hlökkum mikið til að taka á móti hressu lionsfólki í Ólafsvík í apríl. Við erum komin með Facebook síðu vegna þingsins, Lionsþing í Ólafsvík 2025, sem við viljum gjarnan að sem flestir setji inn hjá sér til þess að fylgjast með. Þar munum við segja frá gangi mála og gauka inn skemmtilegum færslum. Endilega verið með.

Komdu fagnandi á Lionsþing í Ólafsvík 25.-26. apríl 2025.



Sjónvernd barna í Mexíkó nær til yfir 150.000 barna

Höf: Shelby Washington



Sjónvernd og barátta gegn ótímabærri blindu og sjónskerðingu hefur verið kjarnaverkefni Lions frá upphafi. Lionsklúbbar um allan heim hafa tekist á við ótímabæra og meðhöndlanlega sjónskerðingu með djörfum og nýstárlegum inngrípum í 100 ár í þeirri trú að hægt sé að bjarga sjón og bæta lífskjör fólks á öllum aldri. Verkefnið „KidSight“ eða „Sjónvernd barna“ sprettur upp úr þessari grundvallartrú. Lionsklúbbar sameinast um verkefni til að tryggja að börn fái augnskimun og þá umönnun sem þau þurfa til að vernda sjónina.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) eru um 17% barna á skólaaldri um allan heim með sjónvandamál, þar á meðal vandamál eins og ljósbrotsvillur s.s. farsýni. Þar sem snemmgreining er mikilvæg til að koma í veg fyrir sjónvandamál út ævina hafa verkefni sem tengjast verkefninu Sjónvernd barna (KidSight) marfaldast að umfangi til bjargar sjón barna.

Kerfisbundin sjónskimun til snemmgreiningar sjónvandamála hjá börnum er ekki hluti af heilbrigðisáætlunum í Mexíkó. Því var eðlilegt næsta skref að setja af stað stórt verkefni í „Sjónvernd barna“. Lionsklúbbar í umdæmi B7 vildu leggja sitt að mörkum til að tryggja börnum aðgang að viðeigandi augnlæknaþjónustu, skipulögðu og settu af stað verkefni „Sjónvernd barna“ í umdæminu. Dr. Angel Sosa segir: „Ég tók þátt í þessu verkefni vegna þess hve mikilvægt það er að koma í veg fyrir barnablindu. Það sló mig að í heima landi mínu bjóða fáar heilbrigðisstofnanir upp á þessa tegund skimunar, sem þýðir að lítil tækifæri eru til að meðhöndla og koma í veg fyrir ýmsa sjónsjúkdóma í börnum.“

Lionsklúbbarirnir nýttu sér 45.346\$ jöfnunarstyrk frá Alþjóðahjálparsjóði Lions (LCIF) og söfnuðu 7.558\$ frá Lionsklúbbunum Cordoba, Poza Rica, Dejando Huella og Alamo til kaupa á 10 sjónmælinga tækjum

„SpotVision Screeners“ og 10 prentara. Með þessum búnaði hófu þeir herferð til að skima börn á aldrinum 4 til 14 ára fyrir sjónvandamálum og veita tilvísanir á nauðsynlega eftirfylgni.

Pökk sé þessu verkefni geta 10 lionsklúbbar í umdæminu nú framkvæmt skimanir í um það bil 77.449 skólum víðsvegar um Veracruz í Mexíkó. Lionsklúbbarirnir ætla að skima alls 800 börn tvisvar í viku með áherslu á að skima 153.600 börn í lágtækjusamfélögum. Foreldrar og forráðamenn barna eru hvattir til að taka þátt í skimuninni. Ef vandamál greinist verður barninu vísað til augnlæknis.

„Bæði fjölskyldumeðlimir og læknar lýstu því yfir að verkefnið sé gríðarlega gagnlegt. Áður var mjög erfitt að greina sjónvandamál hjá börnum snemma og þegar þau greindust var það oft of seint fyrir árangursríka meðferð,“ segir Lion Dr. Sosa. Ef fjölskyldan getur ekki greitt fyrir eftirfylgni mun viðkomandi lionsklúbbur bjóða upp á stuðning vegna gleraugna eða meðferðarkostnaðar.

Lionsklúbbarirnir hafa verið í samstarfi við Vision Toledo og Lyderam, augnlæknastofur í Veracruz í Mexíkó, um að veita ókeypis sjónverndar þjónustu til samfélaga í áhættuhópum síðan 2018. Þetta samstarf felur í sér tæknilega aðstoð, þjálfun og þátttöku frá augnlæknum sem hafa reynslu af verkefnum tengdum Sjónvernd barna í Argentínu og Kólumbíu. Dr. Sosa lagði áherslu á varanleg áhrif verkefnisins og sagði: „Lionsverkefnið „Sjónvernd barna í Mexico“ er komið til að vera og hjálpar þúsundum barna og gefur þeim von um betri lífsgæði.“

Á heimasíðu lionshreyfingarinnar lionsclubs.org/GrantsToolkit eru upplýsingar um mismunandi gerðir styrkja og finna má styrkja flokk sem gæti hentað verkefnum klúbbsins þíns.

Þýðing: Anna Blöndal